

107 nema sannað sé, að mál sé þingfest til úrskurðar um eignarrétt vinningsins og skal 5. ágúst þá vinningurinn ekki afhentur, fyrr en dómsúrskurður er fallinn.

Ef miði, sem vinning hlýtur, hefur glatazt, getur eigandi hans snúið sér til stjórnar SÍBS með beiðni um að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi miðann, um það, að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt miðann. Slík beiðni þarf að komast í hendur stjórnar SÍBS innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt miðanum þegar verið afhentur, er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.

15. gr.

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happdrættisins.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berkla sjúklinga, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1949 fer dráttur fram í fyrsta skipti 5. október og verða aðeins 2 flokkar á því ári. Verð ársmiða 1949 verður 20 kr. og endurnýjunarmiða 10 kr. Vinningafjöldi og vinningaverðmæti skal vera svo sem eðlilegt væri í 3. og 4. flokki samkvæmt 6. gr. Á þessu ári verður miðað við einungis $\frac{3}{4}$ hlutatölunnar og $\frac{3}{4}$ vinningatölunnar samkvæmt 5. grein.

Fjármálaráðuneytið, 5. ágúst 1949.

Jóhann P. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

108

8. ágúst

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Seyðisfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Seyðisfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst. auk fastagjalds, er nemi 50 aurum á mánuði á hvern m² gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, skrifstofum og vinnustofum, en fyrir ganga og geymslur skal greiða 20 aura á mánuði af m².
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitunefndar, þó ekki lægra gjald en 40 aura fyrir hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt. Til herbergja í íbúð skal telja öll íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, bað-

herbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi. 108
8. ágúst

C. Vélarekstur.

Um kwst.mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

D. Sérsamningar.

Þegar sérstaklega stendur á, er heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga af mælitækjum skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunnjald af hverri loflínuheimtaug	kr. 300.00
2. Grunnjald af hverri jarðlínuheimtaug	— 500.00

Auk þessa grunnjalds skal greiða kr. 6.00 af hverju þúsundi króna brunabótamats húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða bæjarstjórn samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt, en bæjarstjórn er heimilt að setja nánari reglur um innheimtu þessara gjalda.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

108

8. ágúst

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Bráðabirgðaákvæði.

Meðan óhjákvæmilegt er að hafa ljóshemla í notkun vegna hugsanlegs dráttar á uppsetningu nýrra mælitækja, má rafveitunefnd selja rafmagn um þá eftir gömlu gjaldskránni, með allt að 50% álagi.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 3 15. janúar 1943 fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. ágúst 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

109

9. ágúst

REGLUR

um stangaveiði í Langá í Mýrasýslu.

1. gr.

Í Langá frá ósum að Sveðjufossi skal leyft að veiða með 4 stöngum samtímis. Stangafjöldinn skiptist á einstök svæði í ánni þannig: Fyrir landi jarðarinnar Langárfoss skal heimilt að veiða með $1\frac{1}{4}$ stöng og tilsvarendi fyrir löndum jarðanna, sem land eiga á móti Langárfossi við ána. Þar fyrir ofan og að Sveðjufossi skal leyfð $1\frac{1}{2}$ stöng.

Ef ókleift reynist fyrir veiðieigendur að leigja veiðina í Langá, eins og hún skiptist á svæðin, skal veiðimálastjóra heimilt að leyfa, að veitt sé með fleiri stöngum í senn, heldur en gert er ráð fyrir hér að framan, um stuttan tíma í einu, en þó því aðeins, að um jafnlangan tíma sé veitt með færri stöngum, sem því svarar.

2. gr.

Stangaveiði skal leyfð 16 klukkustundir á sólarhring, frá kl. 6 að morgni til kl. 10 að kvöldi hvern dag. Heimilt skal þó að færa áður nefndan veiðistundafjölda til á deginum fyrir heilt veiðitímabil, að fengnu samþykki veiðimálastjóra, ef allir aðilar óska þess og koma sér saman um tímenn.

3. gr.

Reglur þessar gilda í 5 ár.